Guðbjörg Pálsdóttir, formaður Fíh

Ásdís Elfarsdóttir Jelle

Ingi Þór Ágústsson

Hildur Elísabet Pétursdóttir

Hrefna Guðmundsdóttir

Hjúkrunarfræðingar í heimsfaraldri

Rafrænt málþing Fíh fór fram fimmtudaginn 16. september 2021 og var hlutverk hjúkrunar-fræðinga á tímum kórónuveirunnar þar í brennidepli. Fundarstjóri var Gísli Níls Einarsson og þingið var sett af formanni félagsins Guðbjörgu Pálsdóttur. Mikil ánægja var með þetta rafræna málþing og fyrirlesararnir fengu lof fyrir áhugaverða og skemmtilega fyrirlestra um störf hjúkrunarfræðinga í heimsfaraldri, áskoranir sem upp komu og hvernig tekist var á við þær. Það er ljóst að hjúkrunarfræðingar lögðust á eitt og gerðu allt sem í þeirra valdi stóð á þessum fordæmalausu COVID-19 tímum til þess að veita bestu mögulegu heilbrigðisþjónustu miðað við aðstæður. Fyrir áhugasama sem misstu af þinginu þá er hægt að horfa á lotuskiptar upptökur frá þinginu inni á heimasíðu félagsins hjukrun.is. Við leyfum nokkrum myndum frá málþinginu að fylgja með.